

1. Almennt

Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, Strandgötu 1, 465 Bíldudal, sótti um rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á 10.000 tonna hámarkslífmassa af lax frjóum og/eða ófrjóum í Ísafjarðardjúpi, þann 21. maí 2019.

Matvælaráðuneytið hefur birt burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Ísafjarðardjúps er metið 30.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi. Þegar hafa verið gefin út rekstrarleyfi með samtals 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi þar sem Háafell ehf. er með samtals 6.800 tonna hámarkslífmassa og Arctic Sea Farm ehf. 5.200 tonn.

Arnarlax mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi, Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 29. febrúar til 28. mars 2024 og bárust 10 athugasemdir vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Arnarlax lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 7. ágúst 2020 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 19. febrúar 2021.

Í samræmi við 6. gr. a og b er fyrirhuguð útgáfa rekstrarleyfis byggð á áhættumati erfðablöndunar sem staðfest var af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022, og burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar (endurútfærið í febrúar 2022). Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost: Ástand sjávar og svífsamfélaga, botndýralíf og kalkþörungur, fisksjúkdóma og laxalús, hætta á erfðablöndun, nytjasofna sjávar, fugla, spendýr, ásýnd, samfélag og haf- og strandnýtingu. Fjallað var um aðra valkosti: Annað staðarval, annað umfang framleiðslu, aðrar tegundir laxfiska, aðrar eldisaðferðir, lokaðar eldiskvíar, landeldi og úthafskvíar. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögumætun grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun hefur kynnt sé áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot Ísafjarðardjúps sem fram kemur í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem og í lagfærðu mati á áhrifum á vatnshlot sem barst frá rekstraraðila 28. maí 2024 en dagsett er 20. mars 2024. Stofnunin hefur farið yfir mat rekstraraðila á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotið og gerir ekki athugasemdir við matið. Stofnunin telur að áhrif starfseminnar séu ekki svo mikil á vatnshlotið að það muni fella það um flokk. Matvælastofnun bendir á að rekstraraðili þurfi að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í vöktunaráætlun rekstraraðila í starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

2.2 Ástand sjávar og svífsamfélaga

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að á eldissvæðum geti orðið neikvæð áhrif á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum, vegna úrgangs frá eldinu og að styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Skipulagsstofnun telur ennfremur að með hvíld eldissvæða og tilfærslu eldiskvía frá einni eldislotu til annarrar sé líklegt að áhrifin verði afturkræf. Matvælastofnun telur að huga þurfi vel að staðbundinni ofauðgun sjávar og að huga þurfi vel að uppsöfnun úrgangsefna í djúpsjávarlagi í Ísafjarðardjúpi en

með vöktun samkvæmt vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sé áhættan takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við, m.a. með minnkaðri fóðrun eða hún stöðvuð tímabundið verði vart við uppsöfnun úrgangsefna. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf.

2.3 Botndýralíf og kalkþörungur

Skipulagsstofnun álitur, með hliðsjón af reynslu af fiskeldi hérlendis, að miklar breytingar verði á botndýralífi undir sjókvíum, sem færast þó líklega í svipað ástand á ný ef nægileg hvíld eða stöðvun verður á uppsöfnun lífræns úrgangs. Arnarlax áformar að hvíla eldissvæði í 90 daga hið minnsta á milli kynslóða sem er lágmarkshvildartími skv. reglugerð um fiskeldi. Í umsögn Umhverfisstofnunar um álitid kemur fram að í starfsleyfi eldis verði sett ákvæði um að þrátt fyrir uppfylltan hvíldartíma geti stofnunin frestað útsetningu bendi niðurstöður vöktunarrannsókna til að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar. Skipulagsstofnun tekur undir þetta atriði í álitinu sínu. Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs á sjávarbotn verði talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði undir og nærri eldisstað. Fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin verði þannig staðbundin og ráðist af umhverfisaðstæðum á hverjum stað, svo sem dýpi, bratta og straumum, en eru afturkræf að hluta (við hvíld eldissvæða), eða alveg verði eldinu hætt. Matvælastofnun telur mikilvægt að eldissvæði séu hvíld milli eldislota samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar ásamt því að tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs.

2.4 Náttúrulegir laxastofnar – fisksjúkdómar og laxalús

Skipulagsstofnun tekur undir sjónarmið Matvælastofnunar og álitur að litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi Arnarlax komi til með að bera bakteríu- eða veirusmit yfir í villta laxfiska. Áhrif framkvæmdarinnar á villta fiska með tilliti til sjúkdóma af völdum örvera séu því metin óveruleg í vistkerfi Ísafjarðardjúps. Matvælastofnun hefur bent á að áhætta af dreifingu sjúkdóma, annarra en laxalús, úr eldisfiski í villtan fisk séu hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Mesta hættan við dreifingu sjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski, en bendir jafnframt á að þar séu aðrir eldisfiskar í mestri hættu líkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði. Það er því brýnt að eldisstöðvar hafi yfir öflugum smitvörnum að ráða og innra eftirliti og forvörnum sé sinnt í takt við lögbundnar kröfur um fiskeldi.

Matvælastofnun byggir sína afstöðu á að áratuga reynsla hefur sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofnum og að ekki sé óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði nokkurn tíma vart með klínískum einkennum. Þannig hafi þekktir og alvarlegir veirusjúkdómar, s.s. blóðporri (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), hjartarof (CMS), veirublæði (VHS), hjarta- og vöðvabólga (PRV/HSML) og iðradrep (IHN), ekki sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó að dulið veirusmit leynist í hjörðinni. Þó eru dæmi um að bakteríusýkingar hafi komið upp sem klínískur sjúkdómur og ollið tímabundnum búsjfjum í ám. Má af því tilefni vísa til kýlaveikinnar sem kom upp í Elliðaánum síðla sumars 1995. Þess má geta að kýlaveiki (af völdum *Aeromonas salmonicida* spp. *salmonicida*) hefur ekki komið upp í íslensku fiskeldi og þótti á sínum tíma ljóst að smit í Elliðaánnar hefði borist með villtum laxi frá fæðustöðvum í hafi. Slíkir atburðir eru einnig þekktir erlendis, en það sem er sameiginlegt með þessum tilfellum er að þau eru tímabundin og afturkræf. Matvælastofnun telur því að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á villta fiska með tilliti til sjúkdóma séu því metin óveruleg, óháð því hvort notast verði við frjóan eða ófrjóan eldislax.

Þá nefnir Skipulagsstofnun að með hliðsjón af reynslu síðustu ára sé líklegt að laxalús og fiskilús eigi eftir að koma reglulega upp í eldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi. Umfang smits muni þó hverju sinni ráðast af umhverfisskilyrðum og virkni mótvægisáðgerða. Skipulagsstofnun telur því líklegt að fyrirhugað eldi komi til með að auka laxalúsaálag á þá stofna laxfiska sem finna má í firðinum. Stofnunin telji því áhrif af völdum laxalúsar og fiskilúsar geti orðið nokkuð neikvæð á villta laxfiskastofna í firðinum í heild sinni og að líklegt sé að áhrifin verði breytileg frá ári til árs og velti á umfangi smits í eldiskvíum hverju sinni og sér í lagi að vori og snemmsumars. Áhrifin verða þau sömu óháð því hvort notaður verður frjór eða ófrjór eldislax. Þá telur Skipulagsstofnun að notkun lúsalyfja geti haft neikvæð áhrif á rækjustofna og telur að ef ítrekað þurfi að notast við lyf sé hætt á að áhrif á rækjustofna í Ísafjarðardjúpi verði talsverð, sérstaklega með tilliti til samlegðaráhrifa með öðru eldi í Djúpinu.

Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits úr sjókvíaeldi á villta laxfiska sé árstíðabundið. Helst er hætt á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori en dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Lúsalyf geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi í

nærumhverfi eldiskvía. Eins sýnir reynsla nágrannalanda að laxalús getur myndað ónæmi gegn lyfjum. Þess vegna er notkun lyfja í baráttunni gegn lús úrræði sem ekki skal beita nema í algerri neyð. Því hefur Matvælastofnun hvatt fyrirtæki til þess að leita leiða til að ná tökum á lúsaálaginu með öðrum aðferðum en lyfjameðhöndlun. Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Skipulagsstofnun segir í álitinu um samlegðaráhrif að með auknu eldi fjölgi mögulegum smitleiðum ásamt því að líkur aukist á að smitsjúkdómar og laxalús magnist upp í og við eldiskvíar. Nálægð á milli eldissvæða ótengdra aðila séu líkleg til að auka smithættu. Matvælastofnun telur villta laxfiska vera í lítilli hættu vegna smitsjúkdóma. Skipulagsstofnun telur því að fyrirhugað eldi Arnarlax hafi einkum neikvæð samlegðaráhrif á villta laxastofna með öðru, núverandi og fyrirhuguðu, eldi í Ísafjarðardjúpi með tilliti til laxalúsar. Samkvæmt meginviðmiði reglugerðar nr. 540/2020 skal lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila vera 5 km. Viðmiðunarmörkin eru hugsuð til að draga úr líkum á að sjúkdómar, sníkjudýr og lífræn mengun berist á milli eldissvæða. Matvælastofnun, að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun, getur heimilað minni fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila. Við útsetningu seiða í kvíar þarf Matvælastofnun því að meta hvort að gild rök mæli með því að veita undanþágu frá meginviðmiði reglugerðarinnar. Fyrir liggja áform um tæplega 30.000 tonna sjókvíaeldi á fremur takmörkuðu svæði í Ísafjarðardjúpi. Ef horft er til þess að nauðsynlegt hefur reynst að grípa til lyfjameðferðar vegna laxalúsar við 10.000 tonna framleiðslu í Arnarfirði má gera ráð fyrir að laxalús geti orðið vandamál í Ísafjarðardjúpi ef fyrirliggjandi áform um sjókvíaeldi ganga eftir. Það á ekki síst við ef fjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva verður undir 5 km viðmiðunarmörkum reglugerðar um fiskeldi, enda má ljóst vera að meiri líkur eru á að sjúkdómar og sníkjudýr berist á milli eldissvæða eftir því sem styttra er á milli þeirra. Í ljósi ofanritaðs telur Skipulagsstofnun að óvissa ríki um samlegðaráhrif eldis Arnarlax og annars eldis í Ísafjarðardjúpi á sníkjudýr í villtum laxfiskum. Gera má ráð fyrir að vöktun laxalúsa á eldissvæðum eldisaðila í Ísafjarðardjúpi komi til með að nýtast við að kortleggja dreifingu laxalúsa í Djúpinu og varpa frekara ljósi á samlegðaráhrifin.

Matvælastofnun mun setja skilyrði í rekstrarleyfið að óheimilt sé að setja út fisk á eldissvæðum þar sem styttra er á milli eldissvæða en 5 km nema að fyrir liggir undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum.

2.5 Náttúrulegir laxastofnar – hætta á erfðablöndun

Í álitinu Skipulagsstofnunar kemur fram að valkostur framkvæmdaraðila sem felst í eldi á ófrjóum laxi komi til með að hafa óveruleg áhrif á erfðir villtra laxastofna. Áhrifa vegna mögulegrar erfðablöndunar er einkum að vænta þegar notast er við frjóan lax. Eins og fram hefur komið er burðarþolsmat Ísafjarðardjúps metið 30.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi. Þegar hafa verið gefin út rekstrarleyfi með samtals 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi. Matvælastofnun mun því ekki úthluta leyfi fyrir frjóum laxi til rekstrarleyfishafa, einungis ófrjóum.

2.6 Nytjastofnar sjávar

Í álitinu Skipulagsstofnunar er tekið undir með Hafrannsóknarstofnunar um að óvissa sé til staðar um samlegðaráhrif eldis Arnarlax og annars eldis á rækju og önnur krabbadýr ef ítrekað þarf að bregðast við lúsasmiti með notkun lyfja og að óvissan nái einnig til nytjastofna sem reiða sig á krabbadýr sem fæðu. Skipulagsstofnun telur að áhrif á nytjastofna verði óveruleg ef unnt verður að halda lyfjanotkun í lágmarki, óháð því hvort notaður verði frjór eða ófrjór eldislax.

Matvælastofnun bendir á að þar sem um er að ræða kynslóðaskipt eldi þar sem eldissvæðin eru hvíld til skiptis verði áhrifin breytileg eftir því hvaða eldissvæði verða í notkun hverju sinni og þá geti staðsetning eldiskvía innan eldissvæðanna verið breytileg milli eldislota. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið Skipulagsstofnunar og Hafrannsóknarstofnunar að ítrekuð notkun vissra lúsalyfja geti mögulega haft neikvæð áhrif á staðbundna rækjustofna. Til þess að fá heimild til notkunar slíkra lyfja þarf formlega heimild Matvælastofnunar með aðkomu faglegs álits fisksjúkdómanefndar. Einnig er rétt að undirstrika að slíkt leyfi er jafnframt háð jákvæðri umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Þessi skýra aðkoma opinberra fagaðila að veitingu heimilda til lyfjameðhöndlunar, eða ákvarðana um aðrar ráðstafanir, veita ríkt aðhald og dregur verulega úr hættu á að lyfjanotkun verði viðvarandi ef

grunur vaknar um neikvæð áhrif á lífríki Ísafjarðardjúps. Þess má að lokum geta að á döfinni er rannsóknarverkefni þar sem lyfjapol laxa- og fiskilúsar verður skoðað ofan í kjölinn. Lyfjaónæmi er vaxandi vandamál á heimsvísu, ekki síst með ógætilegri notkun sýkla- og sníkjudýralyfja, og eru yfirvöld áfram um að vakta þessa þróun og koma í veg fyrir slík óheillaskref í íslensku laxeldi.

2.7 Fuglar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji líklegt að fæðuframboð muni aukast fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni kvía. Líklegt er að fiskur komi til með að sækja í æti við kvíar sem getur þá orðið bráð ýmissa sjófugla. Stofnunin metur það svo að uppi sé óvissa um heildaráhrif fiskeldisins á fugla í fjörðunum sem og einstakar fuglategundir. Meðal óvissupátta er möguleg fjölgun máva í nágrenni sjókvía og áhrif þeirra á aðrar fuglategundir eins og æðarfugl. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að óvissa ríki um það hvort fiskeldið muni hrekja fugla frá búsvæðum og hvaða þýðingu það hefur fyrir fuglalíf. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna.

2.8 Spendýr

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að áhrif sjókvíaeldis á spendýr eru metin óveruleg, óháð því hvort notaður verði frjór eða ófrjór fiskur. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar.

2.9 Ásýnd

Skipulagsstofnun telur í álitum sínum að búast megi við að aukið umfang fiskeldis muni hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af landslagi svæðisins og náttúrulegu yfirbragði þess. Jafnframt bendir stofnunin á að fjölgun eldissvæða í Ísafjarðardjúpi sé líkleg til að breyta fleiri svæðum og fjölga svæðum þar sem eldissvæði eru sýnileg. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni verða nokkuð neikvæð en tímabundin og afturkræf. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásýnd.

2.10 Samfélag

Í álitum Skipulagsstofnunar segir að uppbygging fiskeldis í Ísafjarðardjúpi muni fjölga atvinnutækifærum á svæðinu. Sé horft til þess hve atvinnuleysi er lágt má gera ráð fyrir því að uppbygging fiskeldis kalli á aðflutning fólks til að manna störf í fiskeldi og þau störf sem kunna að losna vegna tilfærslu fólks í fiskeldi úr öðrum störfum. Þá má gera ráð fyrir því að uppbyggingunni fylgi aukin samkeppni um vinnuafli sem, gæti haft áhrif á aðra fjölmenna vinnustaði á svæðinu. Skipulagsstofnun telur ólíklegt að fyrirhugað fiskeldi Arnarlax eitt og sér valdi fækkun ferðamanna á svæðinu eða fækkun starfa í ferðaþjónustu. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar.

2.11 Haf- og strandnýting

Í álitum Skipulagsstofnunar er vísað til þess að eldissvæði geti haft áhrif á veiðar og dreifingu nytjafiska og áhrif framkvæmdar á fiskveiðar í Ísafjarðardjúpi verði óverulega neikvæð en óvissa verði með rækju ef ítrekað þurfi að bregðast við lúsasmiti með notkun lyfja. Þá telur Skipulagsstofnun að laxeldi Arnarlax komi til með að hafa nokkuð neikvæð en afturkræf áhrif á siglingarleiðir og að eldissvæðið við Óshlíð komi til með að trufla siglingar út Ísafjarðardjúpi frá Ísafirði og Súðavík og inn Djúpið frá Bolungarvík.

Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið Skipulagsstofnunar að ítrekuð notkun vissra lúsalyfja geti mögulega haft neikvæð áhrif á staðbundna rækjustofna í nærumhverfi eldiskvía. Eins sýnir reynsla nágrennalanda að laxalús getur myndað ónæmi gegn lyfjum. Þess vegna er notkun lyfja í baráttunni gegn lús úrræði sem ekki skal beita nema í algerri neyð. Því hefur Matvælastofnun hvatt fyrirtæki til þess að leita leiða til að ná tökum á lúsaálaginu með öðrum aðferðum en lyfjameðhöndlun. Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar

almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Matvælastofnun tekur mið af strandsvæðisskipulagi og áhættumati siglingaöryggis við útgáfu rekstrarleyfis á áhættumati um siglingaöryggi sem staðfest er af Vegarðgerðinni, Samgöngustofu og Landhelgisgæslunni. Byggja forsendur rekstrarleyfisins, m.a. um staðsetningu eldissvæða og eldisbúnaðar á framangreindu áhættumati um siglingaöryggi.

Að mati Skipulagsstofnunar má gera ráð fyrir að sýnileiki eldissvæða hafi áhrif á ferðamennsku og áhrif eldisins á ferðamennsku og útivist komi til með að vera nokkuð neikvæð en afturkræf. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið skipulagsstofnunar.

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að eldi Arnarlax sé líklegt til að hafa áhrif á eldi annarra aðila sem stunda eldi í Ísafjarðardjúpi þar sem möguleg eldissvæði eru takmörkuð ásamt því að burðarþol og áhættumat takmarka heildarumfang eldis í Djúpinu. Einnig sé mögulegt að sníkjudýr og sjúkdómar berist á milli eldissvæða ótengdra aðila. Matvælastofnun bendir á að Matvælaráðuneytið hefur birt burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi og fer stofnunin eftir því við útgáfu rekstrarleyfa. Þá bendir Matvælastofnun á að samkvæmt 46. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 getur Matvælastofnun gert körfur um aukin hvíldartíma eða gert kröfu um samræmdan hvíldartíma ótengdra aðila á eldissvæðum ef þörf er á. Matvælastofnun mun setja skilyrði í rekstrarleyfið að rekstrarleyfishafa sé óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggja undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar Hábrúnar ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum.

Skipulagsstofnun telur að eldi Arnarlax komi til með að hafa óveruleg og afturkræf áhrif á aðra nýtingu í Ísafjarðardjúpi, þ.e. hlunnindanýtingu, kalkþörunganáam og kræklingaræktun, og að ekki skipti máli hvort notaður verði frjór eða ófrjór lax. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar.

3. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða og áhættumat Siglingaöryggis

3.1. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða

Arnarlax mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi sem eru í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Þau eru, Óshlíð á reitnum SN23 - Óshlíð, Eyjahlíð á reitnum SN35 - Eyjahlíð og Drangsvík á reitnum SN36 – Snæfjallaströnd.

Almenn ákvæði eiga við um alla reitina í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða en þar kemur meðal annars fram að við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld. Ótengdir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits. Fyrir þessa þrjá reiti sem fyrirtækið hyggst stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi er engin önnur starfsemi fyrir á sama reit. Matvælastofnun bendir á að komi til þess að önnur eldisfyrirtæki sækir um að hefja starfsemi innan þessara reita þá skal Matvælastofnun tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi verði eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar.

Á svæði SN23 – Óshlíð eru sértæk ákvæði: Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inni á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Þar sem eldissvæði Arnarlax er innan eða nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa mun Matvælastofnun setja eftirfarandi skilyrði inn í rekstrarleyfi fyrirtækisins: Jaðar sjókvíaeldisstöðvar á Óshlíð skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Botnfestingar (ankeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Á svæði 35 – Eyjahlíð: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni hafa sjónræn áhrif en þau verði staðbundin og afturkræf að öllu leyti þegar búnaður er fjarlægður. Eyjahlíð eru sértæk ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna. Stofnunin telur að tilefni sé til að sett verði

skilyrði um vöktun fuglalífs í nágrenni eldissvæða í vöktunaráætlun Arnarlax. Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inni á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Þar sem eldissvæði Arnarlax er innan eða nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa mun Matvælastofnun setja eftirfarandi skilyrði inn í rekstrarleyfi fyrirtækisins: Jaðar sjókvíaeldisstöðvar á Eyjahlíð skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Botnfestingar (ankeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Á svæði SN36 – Snæfjallaströnd eru sértæk ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi á ásynð svæðis. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni hafa sjónræn áhrif en þau verði staðbundin og afturkræf að öllu leyti þegar búnaður er fjarlægður.

3.2. Áhættumat um siglingaöryggi

Matvælastofnun barst áhættumat um siglingaöryggi vegna eldissvæða SN23, SN35 og SN36 þar sem eldissvæði rekstraraðila voru metin m.t.t. siglingaöryggis. Niðurstöður áhættumats siglingaöryggis eru eftirfarandi:

Svæði SN26 – Óshlíð: Ekki er ásættanlegt m.t.t. til siglingaöryggis að leyfa fiskeldi á svæðinu Óshlíð, þar sem það liggur alfarið innan hvítra ljósgeira frá Óhólavita, Arnarnesvita og Æðeyjarvita. Ólíkt öðrum svæðum í Djúpinu sem eru að hluta eða öllu leiti inna hvítra ljósgeira væri t.d. hægt að breyta lögun svæða, færa þau til eða þrengja ljósgeisla. Slík er ekki hægt í tilfelli Óshlíðar. Ef einhver lausn finnst til að svæðið sé ekki innan hvítra ljósgeira, er lagt til að svæðið verði engu að síður endurskoðað með tilliti til siglinga. Lögun þess og lega er einkar óheppileg að því leyti að suðaustur horn þess skagar langt inn í siglingaleiðina inn Skutulsfjörð þannig að það grípur nánast alla umferð á þeirri leið. Hæfilegt varúðarsvæði á þessum stað er metið 200 metrar þar sem fjölfarnasta siglingaleiðin í Ísafjarðardjúpi liggur um svæðið og veður geta orðið slæm. Mikilvægt er að kvíassvæðin séu merkt eins og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kveður á um og að merkingar og ljós virki sem skyldi og gerð og staðsetning merkja sé ákvörðuð í samráði við Vegagerðina eins og mælt er fyrir í lögum nr.132/1999 um vitamál, finnst lausn til að svæðið sé ekki innan hvítra vitageira. Matvælastofnun mun setja ákvæði í rekstrarleyfi þar sem kveðið er á um að jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Óshlíðar skuli ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 200 m. Einnig verða sett inn ákvæði varðandi staðsetningu búnaðar og merkingar.

Svæði SN35 – Eyjahlíð: Niðurstöður áhættumats sýna fram á að ekki sé ásættanlegt m.t.t. siglingaöryggis að leyfa fiskeldi á svæðinu Eyjahlíð. Svæðið liggur innan hvítra ljósgeira frá Óhólavita og Æðeyjarvita. Ef hægt er að færa svæðið til norðurs, er mögulega hægt að þrengja hvíta geirann frá Æðeyjarvita eitthvað á mótí. Þá þyrfti einnig að breyta Óhólavita. Allar breytingar á siglingamerkjum þarf að sækja um til Vegagerðarinnar. Finnist lausn á að svæðið sé ekki innan hvítra ljósgeira þá þurfa merkingar að vera í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kveður á um og að merkingar og ljós virki sem skyldi og gerð og staðsetning merkja sé ákvörðuð í samráði við Vegagerðina eins og mælt er fyrir í lögum nr.132/1999 um vitamál. Matvælastofnun mun setja ákvæði í rekstrarleyfi þar sem kveðið er á um að jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Eyjahlíðar skuli ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Einnig verða sett inn ákvæði varðandi staðsetningu búnaðar og merkingar.

Svæði SN36 – Snæfjallaströnd: Niðurstöður áhættumats sýnir fram á að leyfi til fiskeldis á svæði við Drangsvík mun ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á siglingaöryggi inn djúpið núna og í náinni framtíð. Mjög takmörkuð umferð er um svæðið og eru það aðallega litlir bátar sem sigla þar fram hjá. Mikilvægt er að kvíassvæðin séu merkt eins og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kveður á um og að merkingar og ljós virki sem skyldi a.m.k. 97% tímans, mælt yfir þriggja ára tímabil. Varúðarsvæði upp á 50 m, eins og það er skilgreint í reglugerð um fiskeldi, er talið nægjanlegt. Matvælastofnun mun setja ákvæði í rekstrarleyfi þar sem kveðið er á um að jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Drangsvíkur skuli ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Einnig verða sett inn ákvæði varðandi staðsetningu búnaðar og merkingar.

4. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Bolungarvíkurkaupsstaðar og Ísafjarðarbæjar þann 10. mars 2021 í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008. Umsagnir bærust ekki frá Fiskistofu, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ.

4.1. Hafrannsóknarstofnun

Hafrannsóknarstofnun sendi umsögn dagsetta 11. nóvember 2021 þar sem fram kemur að eldistegund, eldisstofnar og eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði og erfðafræðiáhrifa komi til sleppinga. Þá kemur fram í umsögninni að fjórir ótengdir aðilar hyggist hefja eldi í Ísafjarðardjúpi. Fjarlægð á milli eldissvæða sem sótt hefur verið um er í mörgum tilfellum styttri en 5 km. Fjarlægðarmörk milli eldissvæða ólíkra aðila voru sett í reglugerð sem varúðarnálgun gagnvart sjúkdómum, mengun og fleiri umhverfisvandamálum sem geta fylgt fiskeldi í sjó. Hér við Ísland sé ekki enn komin reynsla á gagnsemi eða gagnsleysi þessara 5 km fjarlægðartakmarkana. Við skilgreiningu þessara marka í reglugerð var horft til reynslu annarstaðar frá. Auk nægjanlegra fjarlægða milli eldissvæða hefur reynst mikilvægt að samhæfa útsetningar seiða/unglaxa og hvíld svæða á milli kynslóða á sama eldissvæði/firði. Hvergi annarstaðar en í Ísafjarðardjúpi eru fleiri en tveir sem hyggjast stunda fiskeldi í sama firðinum. Nokkrum sinnum hefur þurft að grípa til lyfjameðhöndlunar til þess að reyna að losna við vítahring smita og vegna velferðar eldisdýra. Samkvæmt því eru líkur til að vandamál vegna lúsa komi til með að verða viðvarandi í laxeldi hér á landi líkt og í öðrum löndum þar sem eldi er stundað í opnum sjókvíum. Vegna sjónarmiða dýravelferðar og vegna hagsmuna eldisins til að viðhalda útlitsgæðum fiska eru einnig líkur til að áfram komi fram þörf fyrir lyfjameðhöndlunir og að sú þörf aukist með auknu umfangi eldisins. Hafrannsóknarstofnun bendir á að notkun laxa- og fiskilúsalyfja sé varhugaverð og að rannsóknir erlendis frá sýni skaðsemi þeirra á önnur krabbadýr sem lifa villt í náttúrunni og eru mikilvægur hlekkur í fæðuvef fjarða. Hafrannsóknarstofnun getur, út frá fyrirliggjandi reynslu af fiskeldi við Ísland og stöðu þekkingar á dreifingu smitvalda í yfirborðslögum sjávar hér við land, ekki tekið afstöðu til þess hvort ráðlegt sé að hafa fleiri ótengdra eldisaðila starfandi á afmörkuðu svæði þar sem fjarlægðir milli eldissvæða eru styttri en reglugerð um fiskeldi segir til um.

Hafrannsóknarstofnun tekur einnig afstöðu fjarlægðarmarka milli eldissvæða og veiðiaá, í þessu tilfelli fjarlægð á milli fyrirhugað eldissvæðis Arnarlax við Óshlíð og ósa Ósár í Bolungarvík. Líkt og með fjarlægðarmörk milli eldissvæða er ekki komin reynsla á gagnsemi eða gangsleysi þessara 5 km fjarlægðarmarka við veiðiár hér við land. En ljóst er út frá þekkingu og reynslu annarstaðar frá ásamt almennri þekkingu á smitsjúkdómum/sníkjudyrum að meiri líkur eru á smiti sé fjarlægð stutt miðað við ef hún er löng milli hýsla og uppsprettu sjúkdóma/sníkjudyra. Ósa er veiðiá og eru af henni veiðinytjar. Elstu tölur um skráða veiði í ánni eru frá 1951 og nýjustu tölur eru frá 1986. Veiðin hefur á þessum tíma verið að mestu leyti bleikja en einnig hafa veiðst urriðar og laxar. Tvær skýrslur liggja fyrir rannsóknir á vatnasvæðinu frá 1984 (Sigurður Guðjónsson 1984) og 1985 (Sigurður Már Einarsson 1986). Í seiðamælingum sem birtar voru í þessum rannsóknum kom í ljós að lax var ríkjandi tegund á vatnasvæðinu (Ósa, Syðradalsvatn og minni lækir sem renna í vatnið). Hafrannsóknarstofnun tekur ekki efnislega afstöðu til þess hversu mikil verðmæti eru í ánni og vatnakerfi í kringum hana vegna skorts á upplýsingum. En vegna sölu veiðileyfa í Ósa og vatnið og vegna varúðarnálgunar upp á smit og/eða önnur áhrif fiskeldis á nærliggjandi svæði er ber að taka tillit til Ósár skv. reglugerð 540/2020.

Í umsögn sinni varðandi fjarlægðarmörk segir Hafrannsóknarstofnun að stofnunin geti ekki, út frá fyrirliggjandi reynslu af fiskeldi við Ísland og stöðu þekkingar á dreifingu smitvalda í yfirborðslögum sjávar, tekið afstöðu til þess hvort óhætt sé að hafa fleiri ótengda eldisaðila starfandi á afmörkuðu svæði þar sem fjarlægðir á milli eldissvæða séu styttri en reglugerð um fiskeldi segir til um.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt 1. ml. 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skal stofnunin tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar. Eins og skýrt er kveðið á um mælir framangreint ákvæði reglugerðarinnar um 5 km meginvið og felur þannig augljóslega ekki í sér fortakalaust bann við styttri fjarlægð að mati Matvælastofnunar. Matvælastofnun lítur því svo á að heimilt sé að víkja frá meginviðmiði 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 og heimila styttri fjarlægð milli fiskeldisstöðva þegar ljóst sé að aðilar hyggist viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudyra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli og skilyrði er um í rekstrarleyfinu.

Matvælastofnun mun setja inn skilyrði um að rekstarleyfishafa beri að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að rekstarleyfishafa sé óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggja undirritaður samstarfssamningur milli rekstarleyfishafa og annars vegar Hábrúnar ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudyrum og sjúkdómum. Með þessum hætti sé hægt að víkja frá meginviðmiðum 5. gr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 enda ljóst að aðilar sem undirgangast slíka samninga að þeir hyggist viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og

meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli. Liggi þessi samstarfsamningur ekki fyrir mun Matvælastofnun ekki heimila útsetningu seiða, sbr. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Matvælastofnun telur lúsalyf geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi í nærumhverfi eldiskvía. Eins sýnir reynsla nágrannalanda að laxalús getur myndað ónæmi gegn lyfjum. Þess vegna er notkun lyfja í baráttunni gegn lús úrræði sem ekki skal beita nema í algerrri neyð. Því hefur Matvælastofnun hvatt fyrirtæki til þess að leita leiða til að ná tökum á lúsaálaginu með öðrum aðferðum en lyfjameðhöndlun. Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Ljóst er að ósár Ósár eru innan 5 km frá eldissvæðinu Óshlíð. Samkvæmt 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 skal Matvælastofnun tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli. Samkvæmt úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 21. mars 2022 í máli nr. 37/2022 kemur fram að megintilgangur 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 sé að draga úr líkum á því að smit berist úr laxeldi í villta stofna og að villtir fiskar beri smit í fisk í kvíum. Hins vegar hafi reglugerðinni verið sett mörk fyrir það hvenær áhætta af smiti teljist ásættanleg, að öðrum forsendum fullnægðum. Í úrskurðinum kemur jafnframt fram að í lögum um lax- og silungsveiði er sjálfbær nýting fiskstofna skilgreind svo til þess að tryggja eðlilega nýliðun og til þess að viðhalda fjölbreytileika stofnsins, og að Hafrannsóknastofnun hafi í tillögu sinni til ráðherra að miðað sé við að lágmarksmörk skráðrar veiði séu 50 fiska meðalveiði á samfelldu tíu ára tímabili til þess að stofn teljist sjálfbær stofn. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er ekki gerð grein fyrir því hvort Ósá sé með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu þar sem opinberrar skráningar nýtur ekki við veiði, þar sem veiðiskýrslum hafi ekki verið skilað síðan 1986. Því kemst Matvælastofnun á þeim grundvelli að þeirri niðurstöðu að fiskistofnar Ósár falli utan skilgreiningar reglugerðar nr. 540/2020.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá 9 aðilum á auglýsingartíma og einum aðila utan auglýsingartíma.

Athugasemdir sem bárust voru frá Arnarlaxi ehf., Náttúrustofu Vestfjarða, Landhelgisgæslunni, NASF, Háafelli og Samgöngustofu.

Samhljóða athugasemdir bárust einnig frá eftirfarandi aðilum: Benediktu Guðrúnu Svavarsdóttur fyrir hönd VÁ félags um vernd fjarðar, Ólafur J. Engilbertsson fyrir hönd Snjáfjallaseturs í Dalbæ á Snæfjallaströnd, Magnúsi Guðmundssyni og Önnu Dóru Árnadóttur.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

Björn Hembre, forstjóri fyrir hönd Arnalax ehf. sendi inn athugasemd þann 26. mars 2024.

- Gerð er athugasemd við að tillaga að rekstrarleyfi skilyrði einungis notkun á laxi af Saga stofni. Unnið er að þróun og rannsóknum á ófrjóum laxi og eru ýmsar aðferðir aðrar en þrílitna geldhrogn til skoðunar. Þess vegna er mikilvægt og eðlilegt að heimilt verði að notast við aðra stofna en Saga stofninn t.d. með samþykki Matvælastofnunar. Jafnframt er óeðlilegt að binda opinbert rekstrarleyfi við tiltekinn eldisstofn sem einungis eitt fyrirtæki getur útvegað.
- Arnarlax gerir athugasemd við skilyrði í tillögu að rekstrarleyfi um tiltekin fjarlægðarmörk vegna hvíts ljósgeira. Í tillögu að rekstrarleyfi segir að jaðrar sjókvíaeldisstöðvanna Drangsvíkur og Eyjahlíðar skulu ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Jafnframt segir að jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar við Óshlíð skuli ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 200 m. Hvítt ljós geiravita er alþjóðlegt merki. Minnisblað starfshóps um öryggi siglinga frá 23. nóvember 2022 sem áhættumat siglinga fyrir Ísafjarðardjúp

byggir á má skilja sem að mannvirki, jafnvel þótt þau séu merkt, eru hindrun á siglingaleið og því óheimilt að staðsetja þau innan hvíts geira. Bent er á að ef hindranir eru í hvíta ljósgeiranum, gera leiðbeiningar IALA um ljósgeira vitaljósa ráð fyrir mótvægisáðgerðum og öðrum útfærslum til að tryggja örugga för. Arnarlax hefur í samvinnu við verkfræðistofuna EFLU unnið að frekari útfærslu á siglingaöryggi umræddra eldissvæða í Ísafjarðardjúpi. EFLA hefur einnig verið í samskiptum við Vegagerðina vegna þessa. Ýmsar mótvægisáðgerðir eru heimilar samkvæmt alþjóðasamningum en hvítt ljós geiravita er alþjóðlegt merki. Arnarlax vill því að framangreind skilyrði tillögu að rekstrarleyfi verði ekki orðuð með jafn fortakslausum hætti og raun ber vitni heldur verði gefið svigrúm til mótvægisáðgerða sem eru raunhæfar t.d., sem geta falist í breyttum hvítum geira, breyttri útfærslu á siglingamerkjum eða auknum leiðarljósum á eldisbúnaði.

Matvælastofnun bendir á að í umsókn Arnarlax er sérstaklega tilgreint að sótt sé um 10.000 tonn hámarslífmassa af lax, frjóum og/eða ófrjóum og að um sé að ræða eldisstofn af SAGA stofni. Við afgreiðslu umsóknar er því ekki verið að skilyrða rekstrarleyfið við stofn sem ekki hefur verið sótt um. Matvælastofnun bendir einnig á að eins og staðan er í dag er ekki um að ræða aðra stofna eldislaxa á Íslandi. Komi til þess að svo verði geta rekstrarleyfishafar sótt um breytingar á rekstrarleyfum sínum.

Við rekstrarleyfisútgáfu byggir Matvælastofnun allar upplýsingar um siglingaöryggi, þar með talið upplýsingar um vita o.fl., á áhættumati um siglingaöryggi sem staðfest er af Vegagerðinni, Samgöngustofu og Landhelgisgæslunni og gefið var út í mars 2023. Skilyrði þau sem tilgreind voru í tillögu að rekstrarleyfi eru byggð á framangreindu áhættumati um siglingaöryggi og settar fram til þess að tryggja að öryggi sé ávallt haft í fyrirrúmi.

Matvælastofnun óskaði eftir umsögn frá Vegagerðinni varðandi leiðbeiningar IALA og möguleg frávik frá meginreglunni með mótvægisáðgerðum í ljósi athugasemda Arnarlax. Í umsögninni kemur fram að „í áhættumati siglingaleiða fyrir umrædd svæði er svigrúm til mögulegrar mótvægisáðgerða ekki útilokað. Það svigrúm sé eðli máls samkvæmt misjafnt milli svæða.“ Þá segir jafnframt í umsögninni: „Þrátt fyrir að fyrirvari sé í leiðbeiningum IALA um möguleg frávik frá meginreglunni (með sérstökum merkingum) breytir það ekki þeirri meginreglu að hvítur geiri merki skv. alþjóðareglum örugga siglingaleið og að skv. vitalögum megi ekki setja niður mannvirki þannig að ekki sé hægt að nýta leiðarmerki. Vegagerðin lítur svo á að síkar undantekningar séu ekki réttlætanlegar nema aðstæður séu með þeim hætti að ekki sé hægt að tryggja örugga leið með öðrum hætti.“

Komi til þess að áhættumat um siglingaöryggi verði breytt m.t.t. mótvægisáðgerða hefur Matvælastofnun heimild til þess að endurskoða útgefin rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 10. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008, sbr. 25. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020, og breyta þar með ákvæðum hins útgefna rekstrarleyfis til samræmis við þær mótvægisáðgerðir sem mögulega yrðu samþykktar.

Christian Gallo, vistfræðingur fyrir hönd Náttúrustofu Vestfjarða sendi inn athugasemd þann 3. apríl 2024.

- Gerð er athugasemd við að ekki sé fjalla um áhrif aukins eldis á svæðinu á magn lúsa í starfsleyfistillögu. Bent er á að illa hafi gengið að eiga við laxalús í öðrum fjörðum sunnar á Vestfjörðum. Árið 2023 voru mikill lúsvandamál í Arnarfirði, Tálknafirði og Dýrafirði sem leiddi til þess að þar voru framkvæmdar 14 lyfjameðferðir á móti engri í Ísafjarðardjúpi ef frátalin er meðferð með Slice fóðurlöndu. Fleiri fiskeldissvæði og meiri eldisfiskur hafa talsverð áhrif á fjölgun og dreifingu sviðlægra lúsa lirfa. Reynslan hefur jafnframt sýnt að þegar nauðsynlegt er að nota lúsalyf á einu fiskeldissvæði þarf einnig að gera það á öðrum svæðum í nágrenninu. Því er hugsanlegt að nauðsyn verði að meðhöndla fisk á 6 fiskeldissvæðum á sama tíma í vatnshloti Ísafjarðardjúps verði leyfið veitt.
- Þá er bent á að burðarþol fyrir Ísafjarðardjúpi sé áætlað 30.000 tonn. Vatnsskipti eru takmörkuð og því meiri líkur á að lirfur lúsa sem leggjast á lax verði kyrrar í vatnshlotinu. Eldi er nú 4.000 tonn og í febrúar síðastliðnum var svo bætt við 8.000 tona leyfi fyrir lax sem mun að öllum líkindum í fyrsta skipti verða settur út næsta vor. Með þessu leyfi sem er verið að fjalla um bætast við 10 þúsund tonn og munu þrjú fyrirtæki deila sama vatnshloti. Vaninn er að hvert fyrirtæki noti 2 fiskeldissvæði árlega, eitt með nýjum seiðum og annað með fiski sem komið er að slátrun. Því er líklegt að 6 fiskeldissvæði verði í notkun á sama tíma í Ísafjarðardjúpi.
- Lýs eru stórt vandamál fyrir fisk í kvíum en einnig hafa athuganir sýnt að með auknu eldi hefur orðið aukning á lúsaálagi villts fisks. Þar sem lyfjameðferðir til að drepa lýs hafa einnig áhrif á önnur krabbadýr en lýsnar má einnig spyrja sig hve vel sífelldar lyfjameðhöndlanir fari með rækjuveiðum sem stundaðar hafa verið í Djúpinu. Náttúrustofa Vestfjarða mælir því með varfærnari nálgun þar sem fylgst verður með samþættingu

núverandi eldis og þess sem nú þegar er búið að gefa leyfi fyrir og meta vel lúsamálin áður en bætt verður við þannig að bæði eldinu og umhverfinu verði minni skaði af.

Matvælastofnun bendir á að í tillögu að rekstrarleyfi er almennt ekki fjallað um önnur atriði en skilyrði rekstrarleyfisins kveða á um en ekki fjallað um önnur atriði eins og t.d. laxalús en það er gert í greinargerð sem fylgir útgáfu rekstrarleyfisins. Í tillögu að rekstrarleyfi er þó vísað til þess að leyfishafi skuli uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Með breytingum á reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 sem tók gildi þann 1. maí 2024 voru meðal annars sett inn ákvæði sem varða laxalús. Umræddar breytingar snúa meðal annars að tímabili, tíðni og umfangi talningar laxalúsar og gera það að verkum að rekstraraðilar þurfa nú í aukinni tíðni að framkvæma lúsatalningu. Með þessari breytingu er ljóst að Matvælastofnun berast oft og umfangsmeiri upplýsingar um talningu á laxalús en áður hefur verið. Með aukinni tíðni lúsatalningar geta rekstrarleyfishafar gripið fyrir inn komi upp merki um aukningu lúsar og gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana eða meðhöndlunar.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að með fyrirbyggju rekstraraðila sé hægt að koma í veg fyrir eða draga úr alvarlegum afleiðingum laxalúsa og rekstraraðilum séu orðnir meðvitaðir um mikilvægi samstarfs allra rekstraraðila á sömu svæðum þar sem lúsir virðir ekki fjarlægðamörk og getu ferðast miklar vegalengdir á milli hýsla. Í skýrslu Matvælastofnunar frá febrúar 2024, Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023, er farið yfir atburði sem leiddu til þess mikla vandamál sem hlaut af laxalús í Arnarfirði, Tálknafirði og Dýrafirði á árinu 2023. Að mati Matvælastofnunar er ljóst að rekstraraðilar hefðu mátt bregðast við aðstæðum með meiri fyrirbyggju og þannig geta dregið verulega úr afleiðingum laxalúsarinnar. Með samræmdum viðbragðsáætlunum, samnýtingu búnaðar og starfsfólks hefði verið hægt að ná höndum yfir atburðinn fyrir. Eins og fyrir segir hafa rekstraraðilar dregið lærdóm af þessum atburði og fyrir liggur samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og Arctic Sea Farm sem nánar er fjallað um í kafla 5 hér á eftir. Ljóst er því að vilji rekstraraðila til samstarfs til fyrirbyggjandi aðgerða er til staðar enda hagur allra rekstrarleyfishafa að halda laxalús í algjöru lágmarki.

Samnýting vatnshlota leiðir til aukinnar hættu á útbreiðslu laxalúsa en eins og fram hefur komið getur laxalús ferðast langar vegalengdir á milli hýsla og því ekki einskorðuð við eitt vatnshlot. Matvælastofnun telur að með breyttum kröfum í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, aukinni þekkingu á laxalús sem og auknu samstarfi og fyrirbyggjandi aðgerða rekstraraðila á svæðinu verði hægt að halda útbreiðslu laxalúsar í lágmarki og þannig koma í veg fyrir að samnýting vatnshlots leiði til aukningar laxalúsar á svæðinu. Matvælastofnun bendir á að fjallað var um áhrif laxalúsar og samlegðaráhrif áhrif með öðrum eldissvæðum á Vestfjörðum í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 19. febrúar 2021 vegna sjókvíaeldi Arnarlax í Ísafjarðardjúpi. Í álitinu kemur fram að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum með mótvægisáðgerðum til að koma í veg fyrir frekari smit.

Laxalús lifir einungis í 1-2 daga í ferskvatni og því drepst lús sem hefur sest á villta fisk þegar þeir ganga upp í árnar en laxalús finnst í villtum lax í sjó þó svo að dreifing hennar sé ekki eins mikil og í sjókvíaeld enda þéttleiki þar meiri. Matvælastofnun telur mikilvægt að efla rannsóknir á líffræði laxalúsar á Íslandi í þeim tilgangi að auka þekkingu á samspili laxalúsar í umhverfi og áhrif hennar á fisk í sjókvíaeldi og villtri náttúru en með þeim aðgerðum sem búið er að ráðast í, þ.e. strangari ákvæðum reglugerðar um umfang og tíðni talningu laxalúsar, aukins samstarfs rekstraraðila sem og fenginni reynslu séu ekki ástæður til að ætla að áhrif af laxalús á villtan lax verði alvarlegar og óafturkræfar.

Lúsalyf geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi í nærumhverfi eldiskvía. Eins sýnir reynsla nágrannalanda að laxalús getur myndað ónæmi gegn lyfjum. Þess vegna er notkun lyfja í baráttunni gegn lús úrræði sem ekki skal beita nema í algerrí neyð. Því hefur Matvælastofnun hvatt fyrirtæki til þess að leita leiða til að ná tökum á lúsaálaginu með öðrum aðferðum en lyfjameðhöndlun. Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Sigríður Skaftadóttir, lögfræðingur fyrir hönd Landhelgisgæslunnar sendi inn athugasemd þann 2. apríl 2024.

- *Bent er á að samkvæmt lögum nr. 132/1999 um vitamál að óheimilt er að setja upp mannvirki sem skyggja á leiðarmerki frá sjónum. Það er svæði sem helgað er með hvítum ljósgeira vita og leiðarljósa í sjónarlengd þeirra, ásamt ljósduflum og sjó- og leiðarmerkjum, marka siglingaleiðir til og frá höfnum landsins. Sjókvíar eru dæmi um slík mannvirki sem geta skyggt á leiðarmerki frá sjó. Eldissvæðin Eyjahlíð og Óshlíð eru bæði staðsett innan hvíts ljósgeira.*

- Einnig er bent á að í strandsvæðaskipulagi Vestfjarða hafa verið afmörkuð svæði fyrir siglingar þar sem umferð skipa hefur mælst í ferilvöktun. Siglingar skipa afmarkast ekki við þau svæði og bent er á að meginreglan sé að öll siglingarfær hafsvæði teljist til siglingasvæða og að öruggar siglingaleiðir eru markaðar með vitaljósum. Í strandsvæðaskipulagi er kveðið á um að áhættumat siglingaöryggis skuli fara fram áður en leyfi er veitt og að taka beri tillit til áhættumatsins í leyfisveitingaferlinu.
- Áhættumat siglingaöryggis hefur farið fram fyrir þau svæði sem um er rætt. Tillaga Matvælastofnunar að rekstrarleyfi fyrir Arnarlax ehf. í Ísafjarðardjúpi vísar ekki til áhættumats fyrir Óshlíð og Eyjahlíð. Niðurstaða áhættumats fyrir þessi svæði var á þann veg að ekki væri ásættanlegt að leyfa fiskeldi þar með tilliti til siglingaöryggis og þess vegna sé rétt að útgáfa rekstrarleyfis fyrir þessi svæði sé tekin til endurskoðunar. Niðurstaða áhættumats fyrir Drangsvík er að fiskeldi á því svæði muni ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á siglingaöryggi.
- Að mati Landhelgisgæslunnar hefði fiskeldi á svæðunum Óshlíð og Eyjahlíð í för með sér hættu fyrir öryggi sjófarenda og vísar í áhættumat siglingaöryggis. Þess vegna er varasamt að veita leyfi fyrir starfsemi á umræddum svæðum. Þess vegna telur Landhelgisgæslan afar mikilvægt að Matvælastofnun endurskoði tillögu að rekstrarleyfi fyrir Arnarlax ehf. í Ísafjarðardjúpi með öryggi sjófaranda í huga.

Við rekstrarleyfisútgáfu byggir Matvælastofnun allar upplýsingar um siglingaöryggi, þar með talið upplýsingar um vita o.fl., á áhættumati um siglingaöryggi sem staðfest er af Vegarðgerðinni, Samgöngustofu og Landhelgisgæslunni og gefið var út í mars 2023. Við auglýsingu að tillögu að rekstrarleyfum birtir Matvælastofnun rekstrarleyfið eins og það verður útgefið, þ.e. með þeim skilyrðum sem útgáfa þess er háð. Frekari rökstuðningur fyrir leyfisútgáfunni kemur fram í greinargerð sem fylgir útgáfu rekstrarleyfisins sjálfs og er í þeim greinagreinargerðum farið markvisst yfir áhættumat um siglingaöryggi, sbr. kafli 3.2 í greinargerð þessari.

Í tillögu að rekstrarleyfi Arnarlax fyrir sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi eru sett skilyrði sem byggja á áhættumati siglingaöryggis fyrir þau svæði sem leyfið tekur til en þar er kveðið á um að jaðar sjókvíaeldisstöðvanna Drangsvíkur og Eyjahlíðar skuli ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m og jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Óshlíðar skuli ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 200 m. Með vísan til þessara skilyrða er siglingaöryggi fyrir umrædd svæði tryggð að mati Matvælastofnunar enda er rekstrarleyfishafa óheimilt að staðsetja eldissvæði innan þessara staðsetninga.

Elvar Örn Friðriksson, fyrir hönd NASF á Íslandi sendi inn athugasemd þann 2. apríl 2024.

- Bent er á að ekki eigi að gefa út rekstrarleyfi í Ísafjarðardjúpi. Strandsvæðaskipulag uppfyllir ekki þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að hægt sé að gefa út leyfið. Of stutt er á milli eldissvæða óskyldra aðila og öll svæðin eru inni í hvítum ljósgeira eins eða fleiri vita. Ekki á að vinna rekstrarleyfi sem byggir á röngu áhættumati siglinga sem brýtur á vitalögum.
- Einnig er það talið óásættanlegt að gerð sé tillaga að rekstrarleyfi þar sem ekki er minnst á kröfu um byggingarleyfi, þrátt fyrir að það sé skilyrði fyrir rekstrarleyfinu eins og nýlega hefur komið í ljós.
- Þá er bent á að vöktun og rannsóknnum af hálfu rekstrarleyfishafa telur NASF að Arnarlax hafi sýnt að fyrirtækinu er ekki treystandi fyrir eftirlitsskyldu sinni. Árið 2021 sluppu til að mynda 82.000 fiskar úr kví þeirra í Arnarfirði og hefur fyrirtækið opinberlega gefið það út að það telji sig ekki þurfa að tilkynna um öll göt sem finnast á eldiskvíum sínum.
- Að sökum ofangreindra atriða krefst NASF að rekstrarleyfi Arnarlax ehf. til fiskeldis í Ísafjarðardjúpi verði ekki gefið út. NASF vonar að umsögn þessi verði tekin efnislega fyrir og stuðst verði við hana á næstu stigum málsins.

Matvælastofnun telur að ekkert í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gefi tilefni til að ætla að það uppfylli ekki þau skilyrði sem nauðsynlegt séu til að hægt sé að gefa út rekstrarleyfið. Skilyrði Strandsvæðisskipulagsins fyrir þau svæði sem rekstrarleyfið tekur til eru sett fram í kafla 3.1. hér að framan.

Varðandi vegalengdir á milli eldissvæða óskyldra aðila þá bendir Matvælastofnun á að skýrt er kveðið á það að rekstrarleyfishafa beri að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að rekstrarleyfishafa sé óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggja undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar

Hábrúnar ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum.

Matvælastofnun setur skilyrði fyrir gildistöku rekstrarleyfisins að jaðar sjókvíaeldisstöðvanna sem leyfið tekur til verði ekki nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en þau mörk sem tilgreind eru í Strandsvæðisskipulags Vestfjarða, þ.e. að jaðar sjókvíaeldisstöðvanna Drangsvíkur og Eyjahlíðar skulu ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. og jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Óshlíðar skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 200 m. Með vísan til þessara skilyrða er siglingaöryggi fyrir umrædd svæði tryggt að mati Matvælastofnunar enda er rekstrarleyfishafa óheimilt að staðsetja eldissvæði innan þessara staðsetninga.

Í umsögn er vísað til þess að ekki sé hægt að vinna rekstrarleyfi sem byggir á áhættumati siglinga sem ekki sé rétt og brjóti á vitalögum án þess að það sé rökstutt nánar að hvaða leiti. Matvælastofnun telur líklegast að verið sé að vísa til Óshólavita og rangrar tilgreiningar á virkni vitans í útgefnu áhættumati um siglingaöryggi. Þar var hlutverk vitans tilgreint tvíþætt: annars vegar innsiglingarvita fyrir Út-Djúpið og hins vegar leiðarljós fyrir Inndjúpið. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að ekki væri rétt farið með virkni vitans þar sem hann væri geiraviti í Vitaskrá Íslands. Í ljósi þessa verði gerð breytingar á auglýstri virkni hans en sú lagfæring hefur ekki áhrif á öryggi siglinga á svæðinu að mati Vegagerðarinnar, sbr. viðauki Vegagerðarinnar við áhættumat siglingaöryggis fyrir Sandeyri í Ísafjarðardjúpi dags. 10. apríl 2024. Matvælastofnun telur, með vísan til framangreinds, að áhættumat siglingaöryggis sé rétt og brjóti ekki gegn ákvæðum laga um vitamál nr. 132/1999.

Matvælastofnun mun setja inn skilyrði í rekstrarleyfið að leyfi til mannvirkjagerðar verði til staðar áður en stofnunin staðfestir gildistöku rekstrarleyfisins, sbr. 23. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Matvælastofnun hefur breytt verklagi á eftirliti með stroki og tjóni á búnaði, þar með talið göt sem finnast á eldiskvíum. Öllum rekstrarleyfishöfum sjókvíaeldis ber að tilkynna um öll göt sem vart verður við til Matvælastofnunar og hefur stofnunin eftirlit með því að svo sé gert, meðal annars með því að yfirfara köfunarskýrslur rekstrarleyfishafa. Verði rekstrarleyfishafi uppvis að því að tilkynna ekki um göt kallar slíkt á skráningu fráviks í eftirliti Matvælastofnunar.

Gauti Geirsson, fyrir hönd Háafells sendi inn athugasemd þann 2.apríl 2024.

Bent er á í umsögn Háafells við auglýstu rekstrarleyfi Arnarlax að megináhersla er lögð á að rökstyðja mikilvægi þess að halda fjarlægðarmörkum milli óskýldra aðila í Ísafjarðardjúpi. Að mati Háafells ætti það að vera hlutverk MAST að tryggja fjarlægð á milli ótengdra aðila í rekstrarleyfi en ekki rekstrarleyfishafa sjálfra. Einnig er bent á að MAST getur samkvæmt reglugerð að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila. Miðað við orðalag reglugerðarinnar þarf blessun Hafrannsóknastofnunar til þess að heimila fjarlægðir undir 5 km. Ósennilegt er að óskað sé eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar ef engu skipti hver niðurstaða þeirrar umsagnar væri, þá væri slík umsögn merkingarlaus. Komið hefur fram að Hafrannsóknastofnun telur sig ekki hafa forsendur til þess að meta áhrifa af því að hafa fleiri ótengda aðila með styttri vegalengdir en reglugerð segir til um. Slíkt er ekki hægt að túlka sem samþykki stofnunarinnar fyrir því að veitt skuli undanþága þar sem fjarlægð á milli eldissvæða verði styttri en 5 km.

- Háafell metur það því sem svo að MAST hafi ekki heimild samkvæmt reglugerð um fiskeldi til þess að fela fyrirtækjum sín á milli að gera samninga um útsetningu með minni fjarlægðum án þess að skýr og rökstudd afstaða Hafrannsóknastofnunar liggi þar fyrir um. Miðað við eldisáform í Ísafjarðardjúpi með undanþágum frá fjarlægðarmörkum er gert ráð fyrir meiri framleiðslu á tiltölulega afmörkuðu svæði en gerist erlendis, t.d. í Noregi.
- Háafell segir að miðað við ákvæði reglugerðarinnar standast engin fjarlægðarmörk á milli eldissvæða ótengdra aðila. Mjög stutt er á milli eldissvæða og fyrirhugaðra eldissvæða ótengdra aðila og í flestum tilfellum undir 5 km meginviðmiði reglugerðar um fiskeldi. Mesta fjarlægð á milli útmarka eldissvæða ótengdra aðila er um 4 km.
- Rekstraraðili getur ákveðið staðsetningu fiskeldisstöð innan þess eldissvæðis sem sótt hefur verið um og síðan úthlutað. Þrátt fyrir að fyrirhuguð eldissvæði Arnarlax séu stór og möguleiki sé til að hliðra sjókvíum til að lengja hvíld botnsvæða sem hafa verið undir of miklu álagi. Getur komið upp sú staða hjá Arnarlaxi að

ekki verði hægt að hliðra til sjókvíunum innan eldissvæðisins án þess að brjóta ákvæði reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi um 5 km fjarlægðarmörk ótengdra rekstraraðila.

- Háafell segir að gera megi ráð fyrir því að vindar geti valdið því að rek verði á lúsálirfum eða sjúkdómum frá eldissvæðum Arnarlax, Drangavík og Eyjahlíð yfir fjörðinn inn á eldissvæði ótengdra aðila þar sem norðaustan stæðir vindar eru tiltölulega algengir. Háafell hefur hvatt til þess að dreifilíkan fyrir rek laxalúsálirfa og sjúkdómsvalda verði gert. Hafrannsóknarstofnun vinni að gerð slíks líkans og mikilvægt að þeirri vinnu verði lokið sem fyrst s.s. til að kortleggja eldissvæði þar sem mestu líkur á smiti kemur frá yfir á önnur svæði.
- Háafell bendir á að fyrirtækið hafi verið búið að leggja töluverða vinnu í að móta og skipuleggja eldið í Ísafjarðardjúpi töluvert áður en Arnarlax og Arctic Sea Farm tilkynntu um sínar matsáætlanir. Af þessum sökum verður að teljast sanngjarnt og eðlilegt að Arnarlax og Arctic Sea Farm hefðu tekið meira tillit til þess í sínum áætlunum. Framangreind áform hafa því skert verulega þær réttmætu væntingar sem Háafell hefur haft um uppbyggingu umhverfisvæns eldis í Ísafjarðardjúpi. Auk þess skortir umgengisreglur fyrir sjókvíaeldi í íslenskum lögum og reglum er nú verulega ábótavant og því ekki hægt að vísa beint í þær.
- Tíðni laxalúsar og framleiðsla laxalúsarlirfa hefur verið mikil á sunnanverðum Vestfjörðum í eldi Arnarlax og Arctic Sea Farm. Vegna mikilla laxalúsar í Tálknafirði þurfi að farga verulegu magni af fiski vegna áverka af völdum sára. Í úttekt Matvælastofnunar kom fram að rekstraraðilar hafi verið illa búnir til þess að verjast miklu magni af laxalús og hefðu mátt bregðast við aðstæðum af meiri fyrirbyggju og þannig getað dregið úr afleiðingum áhrifa laxalúsar í Tálknafirði. Matvælastofnun taldi einnig að hægt hefði verið að koma í veg fyrir umrædda atburði ef viðbrögð rekstraraðila og viðbragðsáætlanir hefðu verið samræmdari og ítarlegri. Í Ísafjarðardjúpi er fjarlægð á milli fiskeldisstöðva jafnvel minni en í fjörðrum á sunnanverðum Vestfjörðum sérstaklega ef öll áform ganga eftir og styttra verður fyrir laxalúsarlirfur að reka á milli svæða.
- Skv. rekstrarleyfum er ekki heimilt án samþykkis að setja út seiði á þrjú eldissvæði Arnarlax og tvö eldissvæði Arctic Fish Farm. Ef samningar nást og heimilt verður að nota einnig þessi fimm eldissvæði í Ísafjarðardjúpi aukast líkur á að: Sjúkdómsvaldar reki á milli svæða ótengdra aðila. Laxalúsarlirfur reki frá einu eldissvæði yfir á það næsta og mjög erfitt verði að halda laxalúsinni niðri í Ísafjarðardjúpi.
- Lokun sjókvíaeldissvæða/smitvarnarsvæða þegar það koma upp alvarleg tilvik mun hafa minni áhrif á Arnarlax og Arctic Sea Farm þar sem fyrirtækin eru með mörg önnur eldissvæði utan Ísafjarðardjúps. Ef til þessa kemur þá kemur það verst út fyrir Háafell sem mun lenda í vandræðum þar sem einu eldissvæði Háafells eru í Ísafjarðardjúpi.

Samkvæmt 1. mál. 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skal Matvælastofnun tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hvernar fiskeldisstöðvar. Eins og skýrt er kveðið á um mælir framangreint ákvæði reglugerðarinnar um 5 km meginvið og felur þannig augljóslega ekki í sér fortakalaust bann við styttri fjarlægð að mati Matvælastofnunar.

Í fyrrnefndri 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að Matvælastofnun geti að höfðu samráði við Hafrannsóknarstofnun heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila. Í umsögn sinni varðandi fjarlægðarmörk, sjá kafla 4 hér að framan, segir Hafrannsóknarstofnun að stofnunin geti ekki, út frá fyrirbyggjandi reynslu af fiskeldi við Ísland og stöðu þekkingar á dreifingu smitvalda í yfirborðslögum sjávar, tekið afstöðu til þess hvort óhætt sé að hafa fleiri ótengda eldisaðila starfandi á afmörkuðu svæði þar sem fjarlægðir á milli eldissvæða séu styttri er reglugerð um fiskeldi segir til um. Matvælastofnun bendir á að ákvæði 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 gerir ekki áskilnað um að Hafrannsóknarstofnun samþykki eða hafni erindi um hvort heimila skuli styttri fjarlægðir heldur einungis að haft skuli samráð við stofnunina. Þá bendir Matvælastofnun á að ákvæði um fjarlægðarmörk er ekki að finna í lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Framangreind regla um fjarlægðarmörk snýr fyrst og fremst að smitvörnum ekki sníkjudýrum, enda ferðast sníkjudýr eins og laxalús mun lengra en 5 km.

Matvælastofnun lítur því svo á að heimilt sé að víkja frá meginviðmiði 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 og heimila styttri fjarlægð milli fiskeldisstöðva þegar ljóst sé að aðilar hyggist viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli og skilyrði er um í rekstrarleyfinu.

Af framangreindu leiðir sbr. inntak 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020, að ekki er mælt fyrir um heimild Matvælastofnunar til að hafna útgáfu rekstrarleyfis í tilvikum þar sem skilyrðinu um fjarlægð milli ótengdra aðila er ekki að öllu leyti fullnægt. Þvert á móti gefa lögskýringargögn, úrskurðarframkvæmd ÚÚA og framkvæmd

Matvælastofnunar skýrlega til kynna að í slíkum tilvikum geti stofnunin vikið frá meginviðmiði um að eigi sé styttra en 5 km fjarlægð, eftir atvikum með viðbótarskýrðum í rekstrarleyfi.

Matvælastofnun mun setja inn skilyrði um að rekstarleyfishafa beri að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að rekstarleyfishafa sé óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggja undirritaður samstarfssamningur milli rekstarleyfishafa og annars vegar Hábrúna ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum. Með þessum hætti sé hægt að víkja frá meginviðmiðum 5. gr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 enda ljóst að aðilar sem undirgangast slíka samninga að þeir hyggist viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli. Liggja þessi samstarfssamningur ekki fyrir mun Matvælastofnun ekki heimila útsetningu seiða, sbr. 1. mgr. 46. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Matvælastofnun tekur undir að mikilvægi þess að vinna við dreifilíkan fyrir rek laxalúsaliirfa verði lokið sem fyrst en bendir jafnframt á að laxalús ferðast langar vegalengdir á milli hýsla og því ekki einskorðuð við ákveðna firði. Straumlíkan það er Hafrannsóknarstofnun vinnur að getur þó aðstoðað við kortlagningu á möguleikum á dreifingu laxalúsa milli svæða. Matvælastofnun bendir þó á að litlar sem engar líkur eru á að aðrir sjúkdómar ferðist með straumum lengri vegalengdir en 5 km.

Á síðustu mánuðum hafa verið gerðar breytingar á reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 sem leiða til þess að eftirlitsheimildir Matvælastofnunar gagnvart rekstarleyfishöfum hafa verið auknar. Þannig þurfa rekstarleyfishafar nú að skila inn auknum upplýsingum í aukinni tíðni m.a. hvað varðar talningu lúsar. Þá hafa skyldur rekstarleyfishafa með neðansjávar eftirlit verið auknar, sbr. 46. gr. a. Að mati Matvælastofnunar hefur regluverk verið til staðar en með breytingum sem hafa verið gerðar síðustu mánuði hafi það orðið skýrar. Komi til þess að frumvarp um lagareldi sem nú liggur fyrir Alþingi verði samþykkt mun öll lagaumgjörð um lagareldi verða skýrara og Matvælastofnun mun fá auknar heimildir til að beita rekstarleyfishöfum aðhaldi við rekstur sinn.

Matvælastofnun bendir á að með fyrirhyggju rekstraraðila sé hægt að koma í veg fyrir eða draga úr alvarlegum afleiðingum laxalúsa og rekstraraðilar séu orðnir meðvitaðir um mikilvægi samstarfs allra rekstraraðila á sömu svæðum þar sem lúsir virðir ekki fjarlægðamörk og getur ferðast langar vegalengdir á milli hýsla. Í skýrslu Matvælastofnunar frá febrúar 2024, *Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023*, er farið yfir atburði sem leiddu til þess mikla vandamáls sem hlaut af laxalús í Tálknafirði á árinu 2023. Að mati Matvælastofnunar er ljóst að rekstraraðilar hefðu mátt bregðast við aðstæðum með meiri fyrirhyggju og þannig geta dregið verulega úr afleiðingum laxalúsarinnar. Með samræmdum viðbragðsáætlunum, samnýtingu búnaðar og starfsfólks hefði verið hægt að ná stjórn á dreifingu lúsarinnar fyrr. Eins og fyrr segir hafa rekstraraðilar dregið lærdóm af þessum atburði og fyrir liggur samstarfssamningur milli rekstarleyfishafa og Arctic Sea Farm sem nánar er fjallað um í kafla 5 hér á eftir. Ljóst er því að vilji rekstraraðila til samstarfs til fyrirbyggjandi aðgerða er til staðar enda hagur allra rekstarleyfishafa að halda laxalús í algjöru lágmarki. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að allir rekstraraðilar í sjókvíaelði séu í samstarfi og standi saman að fyrirbyggjandi aðgerðum óháð staðsetningu eldisstöðva þeirra. Matvælastofnun telur að ef rekstarleyfishafar nái samningum eins og skilyrði rekstarleyfis þessa kveður á um muni það minnka líkur á dreifingu laxalúsar og sjúkdóma enda er það hagur allra rekstraraðila að vinna að því að minnka dreifingu laxalúsar með fyrirbyggjandi aðgerðum og vinna að upprætingu hennar þegar tilfelli koma upp.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó héraendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða.

Sigurfinnur Mikaelsson, Benedikta Guðrún Svavarsdóttir fyrir hönd VÁ félags um vernd fjarðar, Anna Dóra Árnadóttir og Ólafur J. Engilbertsson fyrir hönd Snjáfjallaseturs í Dalbæ á Snæfjallaströnd sendu inn samhljóða athugasemdir daganna 28. mars, 1. apríl og 2. apríl 2024.

- Gerð er athugasemd við að ekki sé hægt að gefa út rekstrarleyfi í Ísafjarðardjúpi, þar sem strandsvæðaskipulagið uppfyllir ekki þau skilyrði, sem þarf til að hægt sé að gefa út leyfið. Of stutt er á milli eldissvæða óskyldra aðila og öll svæðin eru inni í hvítum ljósgeira eins eða fleiri vita.
- Svæðið í Óshlíð er innan hvítra ljósgeira Óshóla-, Arnarnes- og Æðeyjarvíta skv. áhættumati siglinga frá Vegagerðinni. Þar sjá skýrsluhöfundar enga lausn til að koma fiskeldi fyrir á svæðinu. Sama á við um Eyjahlíðarsvæðið, sem er alfarið innan hvítra ljósgeira Æðeyjar- og Óshólavíta í áhættumati Vegagerðarinnar. Þar er ekki hægt að koma með neinar mótvægisáðgerðir eða tala um 50 m eða 200 m öryggissvæði frá hvítum ljósgeira þar sem Óshólavíti dekkar allt utanvert Djúpið. Drangavík er innan hvíts ljósgeira Óshólavíta, en ekki er minnst á það í siglingaáhættumati Vegagerðarinnar. Við höfum fengið það staðfest frá Vegagerðinni að Óshólavíti er geiravíti og ekki var tekið tillit til hans í öllum svæðum í Djúpinu. Þar með er Vegagerðin að viðurkenna að siglingaáhættumatið er ekki rétt. Vegagerðin ætlar að bæta úr því. Gerð er athugasemd við að verið sé að vinna rekstrarleyfi, sem byggir á röngu áhættumati siglinga sem brýtur á vitalögum.
- Hafrannsóknarstofnun hefur opinberlega gefið út að áhættumat erfðablöndunar er á núllpunkti eftir slysasleppingar í Patreksfirði í fyrra. Það er óskiljanlegt að verið sé að gefa út rekstrarleyfi skv. gömlu áhættumati erfðablöndunar með fyrirvara um breytingar. Áhættumatið mun verða breytt þegar það lítur dagsins ljós. Gerð er athugasemd við að verið sé að vinna tillögu að rekstrarleyfi, sem byggir á úreltu áhættumati erfðablöndunar.
- Gerð er athugasemd við að gerð sé tillaga að rekstrarleyfi, þar sem ekki er minnst á kröfu um byggingarleyfi, þrátt fyrir að það sé skilyrði fyrir rekstrarleyfi.
- Gerð er athugasemd við að MAST gefi út tillögu að rekstrarleyfi, með svohljóðandi skilyrði: Rekstrarleyfishafa ber að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Í 18. grein reglugerðar 540/2020 segir: Matvælastofnun skal tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hversrar fiskeldisstöðvar. Vegalengdir milli svæða Arnarlax og annarra aðila eru: frá Óshlíð að svæði Hábrúnar í Skutulsfirði eru 3,39 km, frá Óshlíð að svæði Arctic Sea Farm við Arnarnes eru 3,72 km, frá Eyjahlíð að svæði Arctic Sea Farm í Kirkjusandi eru 3,66 km, frá Eyjahlíð að svæði Arctic Sea Farm í Sandeyri eru 2,38 km og frá Drangsvík að svæði Arctic Sea Farm í Sandeyri eru 1,96 km. Gerð er athugasemd við að fiskeldislögin frá 2019 og reglugerðin séu þverbrotin. Eins og sést á þessum tölum nær fjarlægðin hvergi 5 km.
- Gerð er athugasemd við að í umhverfismati strandsvæðaskipulags Vestfjarða er engin valkostagreining gerð á nýtingarsvæði SN36, þar sem Drangsvíkur svæðið er. Einnig að valkostir B hafi verið valdir fyrir Óshlíð og Eyjahlíð. Það er ómögulegt að gefa út starfsleyfi samhliða þessu rekstrarleyfi þar sem rétt áhættumat siglinga liggur ekki fyrir.
- Gerð er athugasemd við að hnit sjókvíaeldisstöðva innan eldissvæða séu ekki gefin upp, en það ber að gera sbr. 19. grein reglugerðar 540/2020. Í rekstrarleyfi fiskeldisstöðvar í sjókvíaeldi þarf að tilgreina hnit eldissvæðis og hnit sjókvíaeldisstöðva innan hvers skilgreinds eldissvæðis. Hnit skulu vera lengd og breidd til útsetningar á sjókorti með nákvæmni upp á a.m.k. einn hundraðasta hluta úr mínútu. Viðmiðun skal vera WGS84.
- Hvað varðar vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa hefur umsóknaraðili sýnt að honum er ekki treystandi fyrir eftirlitsskyldu sbr. 82 þúsund laxa stök árið 2021. MAST ætti að vera með kröfur um að fyrirtækið sé með sívöktun á eigin kostnað m.a. með kaþátum og myndavélum, sem eru beintengd við MAST.
- Þess er krafist að MAST standi betur að allri söfnun gagna, sem eiga að liggja fyrir áður en tillaga að rekstrarleyfi er gerð og sé í náinni samvinnu við aðrar stofnanir, sem koma að rekstrarleyfinu. Þess er einnig líka krafist að MAST leggi sjálfstætt mat á öll gögn, og gæti þess að vitalög, fiskeldislög og önnur lög og reglugerðir séu ekki brotin við gerð rekstrarleyfa.

Matvælastofnun telur að ekkert í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða gefi tilefni til að ætla að það uppfylli ekki þau skilyrði sem nauðsynlegt séu til að hægt sé að gefa út rekstrarleyfið. Skilyrði Strandsvæðisskipulagsins fyrir þau svæði sem rekstrarleyfið tekur til eru sett fram í kafla 3.1. hér að framan.

Varðandi vegalengdir á milli eldissvæða óskyldra aðila þá bendir Matvælastofnun á að skýrt er kveðið á um það að rekstrarleyfishafa beri að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að rekstrarleyfishafa sé óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggja undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar Hábrúnar ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum.

Matvælastofnun setur skilyrði fyrir gildistöku rekstrarleyfisins að jaðar sjókvíaeldisstöðvanna sem leyfið tekur til verði ekki nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósá en þau mörk sem tilgreind eru í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, þ.e. að jaðar sjókvíaeldisstöðvanna Drangsvíkur og Eyjahlíðar skulu ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósá en 50 m. og jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Óshlíðar skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósá en 200 m. Með vísan til þessara skilyrða er siglingaöryggi fyrir umrædd svæði tryggt að mati Matvælastofnunar.

Í umsögn kemur fram að svæðið í Óshlíð sé innan hvítra ljósgeira Óshóla-, Arnarnes- og Æðeyjarvita skv. áhættumati siglinga frá Vegagerðinni. Ekki sé hægt að koma með neinar mótvægisáðgerðir þar sem Óshólaviti dekki allt utanvert Djúpið og það hafi fengist staðfest frá Vegagerðinni að Óshólaviti væri geiraviti og ekki væri tekið tillit til hans í öllum svæðum, þar af leiðandi sé áhættumat siglingaöryggis ekki rétt. Við málsmeðferð vegna útgáfu rekstrarleyfisins kom í ljós að hlutverk Óshólavita í áhættumati siglingaöryggis var tilgreint tvíþætt: annars vegar innsiglingarvita fyrir Út-Djúpið og hins vegar leiðarljós fyrir Inndjúpið. Við nánari skoðun hafi komið í jós að ekki væri rétt farið með virkni vitans þar sem hann væri geiraviti í Vitaskrá Íslands. Í ljósi þessa verði gerðar breytingar á auglýstri virkni hans en sú lagfæring hefur ekki áhrif á öryggi siglinga á svæðinu að mati Vegagerðarinnar, sbr. viðauki Vegagerðarinnar við áhættumat siglingaöryggis fyrir Sandeyri í Ísafjarðardjúpi dags. 10. apríl 2024. Matvælastofnun telur, með vísan til framangreinds, að áhættumat siglingaöryggis sé rétt og útgáfa rekstrarleyfisins því ekki brjóta gegn ákvæðum laga um vitamál nr. 132/1999.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. a. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skal áhættumat erfðablöndunar endurskoðað svo oft sem þurfa þykir, en eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Fram kemur í 4. mgr. sömu greinar að eldra áhættumat gildir þar til nýtt hefur verið staðfest. Fyrir liggur að nýtt áhættumat hefur ekki verið staðfest og þar af leiðandi er áhættumat um erfðablöndun sem gefið var út 11. maí 2020 og staðfest óbreytt af Matvælaráðherra þann 3. mars 2022, eftir að hafa farið í umhverfismat, í fullu gildi. Með vísan til 3. mgr. 9. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 ber Matvælastofnun meðal annars að taka tillit til áhættumats erfðablöndunar við afgreiðslu rekstrarleyfis til fiskeldis. Þar sem áhættumatið sem gert var árið 2020 hefur ekki verið fellt úr gildi ber Matvælastofnun að fara eftir því við leyfisútgáfur. Matvælastofnun hefur enga lagastoð til þess að fresta allri leyfisútgáfu fyrir sjókvíaeldi á grundvelli þess að unnið sé að nýju áhættumati, en alls óljóst er hvenær slíkt mat muni liggja fyrir. Slík framkvæmd færi gegn lögmætisreglu stjórnisýsluréttar sem kveður á um að ákvarðanir stjórnvalda verði að eiga sér stoð í lögum og megi ekki vera í andstöðu við gildandi lög. Með vísan til þessa telur Matvælastofnun sig bundna af því að fara eftir gildandi áhættumati erfðablöndunar.

Matvælastofnun mun setja inn skilyrði í rekstrarleyfið að leyfi til mannvirkjagerðar verði til staðar áður en stofnunin staðfestir gildistöku rekstrarleyfisins, sbr. 23. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að Matvælastofnun skuli tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar. Ákvæði um fjarlægðarmörk er ekki að finna í lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Framangreind regla um fjarlægðarmörk snýr fyrst og fremst að smitvörnum ekki sníkjudýrum, enda ferðast sníkjudýr eins og laxalús mun lengra en 5 km. Matvælastofnun lýtur svo á að heimilt sé að víkja frá meginviðmiði 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 og heimila styttri fjarlægð milli fiskeldisstöðva þegar ljóst sé að aðilar hyggist viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli. Matvælastofnun telur að framangreind túlkun stofnunarinnar fari ekki gegn lögum um fiskeldi nr. 71/2008 né reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 þrátt fyrir að vegalengdir á milli ótengdra aðila séu styttri en 5 km enda gerir Matvælastofnun skýra kröfu um að rekstrarleyfihafi tryggi að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að rekstarleyfishafa sé óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggja undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar Hábrúnar ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum.

Matvælastofnun bendir á að áhættumat um siglingaöryggi fyrir svæðið sem rekstrarleyfið tekur til liggur fyrir. Áhættumatið er staðfest af Vegarðgerðinni, Samgöngustofu og Landhelgisgæslunni og var gefið út í mars 2023. Þann 10. apríl 2024 gaf Vegagerðin út viðauka við áhættumat siglingaöryggi fyrir Sandeyri í Ísafjarðardjúpi. Þá er jafnframt í gildi strandsvæðaskipulag Vestfjarða sem ekki hefur verið fellt úr gildi og stofnunin ber að horfa til við rekstrarleyfisútgáfu.

Í gildi er strandsvæðaskipulag Vestfjarða og áhættumat siglingaöryggis á svæðinu og að Matvælastofnun ber að taka tillit til gildandi skipulags við útgáfu rekstrarleyfa.

Öll hnit eldissvæða í sjókvíaeldi eru tilgreind í rekstrarleyfum útgefnum af Matvælastofnun. Matvælastofnun hefur ekki tilgreint hnit sjókvíaeldisstöðvanna sjálfra í rekstrarleyfunum af þeirri ástæðu að slíkur búnaður er oft færður til innan eldissvæðis af ýmsum ástæðum, enda hafa rekstrarleyfishafar heimild til eldis innan alls svæðisins. Ef hnit sjókvíaeldisstöðvanna væru tilgreind í rekstrarleyfunum þyrfti því ávallt að gera breytingar á rekstrarleyfinu ef það kæmi til þess að rekstrarleyfishafar þyrftu að breyta staðsetningu búnaðarins, jafnvel þó hliðrunin væri einungis um 1-2 metra. Matvælastofnun bendir þó á að þrátt fyrir að hnit sjókvíaeldisstöðvanna séu ekki tilgreind í rekstrarleyfunum sjálfum eru þau aðgengileg í gögnum stofnunarinnar og á kortasjá Matvælastofnunar.

Matvælastofnun hefur eftirlit með rekstrarleyfishöfum í sjókvíaeldi og að þeir uppfylli allar reglur sem gerðar eru til starfseminnar. Gerðar hafa verið breytingar á reglugerðum, m.a. reglugerði um fiskeldi nr. 540/2020, sem meðal annars auka skyldur rekstraraðila til neðansjávareftirlits og skil á gögnum úr því eftirliti til Matvælastofnunar, sbr. 46. gr. a. Þannig ber rekstrarleyfishöfum skylda til þess að viðhafa neðansjávareftirlit með ástandi netpoka á a.m.k. 30 daga fresti en 14 daga fresti ef meðalþyngd laxa í sjókvíum er hærri en 4 kg. á tímabilinu 1. júlí til 30. nóvember. Þá ber rekstrarleyfishöfum að skila skýrslu um eftirlitið til Matvælastofnunar eigi síðar en 7 dögum eftir að síðasta kví á eldissvæði var skoðuð en samdægurs tilkynna stofnuninni komi í ljós frávik við neðansjávareftirlit. Matvælastofnun telur að með tilkomu þessa ákvæðis verði eftirlit mun markvissara og meira aðhald að rekstrarleyfishöfum. Stofnunin telur ekki þörf á sívöktunarbúnaði á kostnað rekstrarleyfishafa sem væru beintengdir stofnuninni.

Matvælastofnun telur að stofnunin hafi staðið rétt að öflun allra gagna sem liggja eigi fyrir áður en tillaga að rekstrarleyfi er gefin út. Þá hafi stofnunin jafnframt lagt sjálfstætt mat á öll fyrirbyggjandi gögn og tekið afstöðu til allra þeirra atriða sem þörf er að taka afstöðu til við útgáfu rekstrarleyfis og að útgáfa þess brjóti ekki gegn ákvæðum laga og reglugerða.

Haldór Ó Zoëga deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits og Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir deildarstjóri lögfræðideildar Samgöngustofu sendu inn athugasemd þann 21. maí 2024.

- *Í umsögninni kemur fram að í ljósi niðurstöðu áhættumata siglingaöryggis og þeirra hættu sem fiskeldi á svæðunum Eyjahlíð og Óshlíð hefur í för með sér fyrir öryggi sjófarenda sé það mat Samgöngustofu að óheimilt sé að veita leyfi fyrir fiskeldi á svæðunum. Því fari stofnunin fram á það að umsókn Arnarlax um rekstrarleyfi á svæðunum verði hafnað.*

Matvælastofnun lítur svo á að þar sem ekki sé útilokað, út frá leiðbeiningum IALA, að grípa til mótvægisáðgerða verði hægt að tryggja siglingaöryggi sé ekki hægt að hafna útgáfu rekstrarleyfis fyrir þau svæði rekstrarleyfisins sem eru í hvítum ljósgeira. Rekstrarleyfishafi hefur þegar hafið í samvinnu við verkfræðistofuna EFLU að vinna að útfærslu siglingaöryggis m.t.t. mótvægisáðgerða á svæðinu eins og fram kemur í athugasemdum Björns Hembre forstjóra Arnarlax.

6. Samstarfssamningur

Þann 6. mars 2024 lagði umsækjandi fram tvo samstarfssamninga milli Arnarlax og Arctic Sea Farm undirritað af fyrirvarsmönnum beggja fyrirtækjanna. Annars vegar var um að ræða samkomulag um sameiginlegt smitvarnarsvæði (Agreement on Common Biosecurity Area) og hins vegar samkomulag um neyðarslátrun (Emergency Harvesting agreement). Þá var einnig lögð fram sameiginleg yfirlýsing beggja aðila um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki.

Samkvæmt samningi aðila um sameiginlegt smitvarnarsvæði er tilgangur hans að setja á stofn sameiginlegt smitvarnarsvæði í Ísafjarðardjúpi, Arnarfirði og Patreks- og Tálknafirði með það að meginreglu að aðilar samningsins viðhafi „samræmda og sameiginlega hvíldartíma allra eldissvæða innan smitvarnarsvæðis í því skyni að skilja kynslóðaeldi að í rúmi og tíma með smitvarnir vegna sjúkdóma að markmiði.“

Í samkomulaginu kemur fram að aðilar muni halda 5 km lágmarksfjarlægð milli næstu eldiskvía innan aðskilinna smitvarnarsvæða. Einungis megi gera undantekningar, í þeim tilfellum þegar báðir aðilar samþykkja, og með samþykki Matvælastofnunar, þegar sýnt hefur verið fram á takmörkuð vatnstengsl eins og í Arnarfirði sunnanverðum og norðanverðum. Eins og fyrr segir munu aðilar samningsins setja út eldisfisk í sjókvíar af sömu kynslóð og samræma hvíldartíma sín á milli áður en settar eru út nýjar kynslóðir eldisfisks. Einnig munu aðilar viðhafa sameiginlegar vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra. Einn þáttur þess felist í samræmdum aðgerðum til að halda lúsasmiti undir ákveðnum viðmiðum. Til að ná markmiðum samningsins munu aðilar skiptast á upplýsingum um heilsu fisks á hverju smitvarnarsvæði og upplýsa hvorn annan tafarlaust ef upp koma frávik. Þá munu aðilar upplýsa hvorn annan vikulega um niðurstöður lúsatalninga.

Ítarlega er fjallað um aðgerðir varðandi laxalús í yfirlýsingu aðilanna um samstarf þeirra varðandi aðgerðir við að halda laxalús í lágmarki, þ.m.t. lúsatalningu, meðferðar, aðgangs að starfsfólki til að annast lúsameðferð á eldissvæðum á Vestfjörðum og sameiginlega leigu að skipi til lúsameðhöndlunar.

Í samningi aðila um neyðarslátrun er ítarlega fjallað um samstarf þeirra varðandi sláturþjónustu fyrir lax í þeim tilfellum þegar neyðarástand kemur upp eins og í tilfellum þegar upp kemur aukinn dánartíðni og hætta á útbreiðslu sjúkdóma svo sem ISA/PD. Í samningnum er ítarlega fjallað um framkvæmd og forgang aðila að sláturhúsum, aðgang að starfsfólki og notkunar brunnbáta.

Af framangreindum samningum er ljóst að aðilar hyggjast viðhafa samræmdar aðgerðir til vöktunar- og viðbragðsáætlanir varðandi forvarnir og meðferð vegna fisksjúkdóma og sníkjudýra og starfa sem einn aðili komi upp slík tilfelli.

7. Forsendur útgáfu

Í umsókn Arnarlax frá 21. maí 2019 var sótt um rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á 10.000 tonna hámarkslífmassa af lax frjóum og/eða ófrjóum í Ísafjarðardjúpi. Matvælaráðuneytið hefur birt burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Ísafjarðardjúps er metið 30.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Djúpinu. Þegar hafa verið gefin út rekstrarleyfi með samtals 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi þar sem Háafell ehf. er með samtals 6.800 tonna hámarkslífmassa og Arctic Sea Farm ehf. 5.200 tonn. Af framangreindu er því ljóst að burðarþol fyrir frjóan lax í Ísafjarðardjúpi er fullnýtt. Rekstrarleyfi til handa Arnarlax verður því einungis veitt í ófrjóum lax.

Rekstrarleyfishafa ber að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Rekstrarleyfishafa ber að sækja um heimild til Matvælastofnunar til útsetningar seiða. Þá er rekstrarleyfishafa óheimilt að setja út fisk á eldissvæðin Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð nema að fyrir liggi undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar Hábrúnar ehf. og hins vegar Arctic Sea Farm ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum.

Jaðar sjókvíaeldisstöðvanna Drangsvíkur og Eyjahlíðar skulu ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljóna en 50 m. En jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Óshlíðar skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljóna en 200 m.

Skipulagsstofnun setur eftirfarandi skilyrði fyrir leyfisveitingu í álitum um mati á umhverfisáhrifum frá 19. febrúar 2021:

- Að fyrirkomulag vöktunar vegna laxalúsar veri í samræmi við leiðbeiningar um lúsatalningu frá Matvælastofnun.
- Að tilgreind verði viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöður um smítalag frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna, s.s. notkun hlífðardúks, sérstaks fóðurs og neyðarslátrun ef ekki tekst að halda lúsasmiti undir viðmiðunarmörkum.
- Að skylt verði að samræma útsetningu seiða, slátrun og hvíld svæða fyrirtækja í Ísafjarðardjúpi og innfjörðum hans.

- Skilyrði um fyrirkomulag vöktunar á eldisbúnaði með tilliti til hættu á slysasleppingum og viðbrögð rekstraraðila við stroki.
- Að sett verði skilyrði í rekstrarleyfi um að ástand netpoka verði kannað neðansjávar strax eftir ofsaveður.

Ofangreind skilyrði koma fram í gildandi lögum og reglugerðum um fiskeldi og ber rekstraraðila að fara eftir þeim.

Til viðbótar setur Skipulagsstofnun eftirfarandi skilyrði fyrir leyfisveitingu í álitinu sínu:

- Að rekstraraðili skili reglulega inn þeim gögnum sem Hafrannsóknarstofnun þarf að fá frá fiskeldisfyrirtækjum til að bæta nákvæmi áhættumats erfðablöndunar.
- Að niðurstöður vöktunar verði opinberar.

Matvælastofnun setur skilyrði í rekstrarleyfi um að rekstrarleyfishafa beri að skila inn þeim gögnum til Hafrannsóknarstofnunar sem stofnunin óskar eftir. Matvælastofnun birtir niðurstöður vöktunar opinberlega á mælaborði fiskeldis.

Að mati Matvælastofnunar eru skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis til handa Arnarlax ehf.

8. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arnarlax ehf. í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfið heimilur 10.000 tonna hámarkslífmassa af ófrjóum laxi í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi á þremur staðsetningum; Óshlíð, Eyjavík og Drangsvík.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 13. júní 2040.

Selfossi, 13. júní 2024